

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness miðvikudaginn 28. desember 2016 í máli nr. S-288/2016:

**Ákærvaldið**

*(Sigurður Pétur Ólafsson aðstoðarsaksóknari)*

**gegn**

**Guðmundi Thor Guðmundssyni**

*(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 30. nóvember síðastliðinn, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefinni 23. ágúst 2016, á hendur Guðmundi Thor Guðmundssyni, kt. [...], [...], [...], „fyrir eftirgreind hegningarlagabrot:

## I.

Húsbrot í [...] með því að hafa sunnudaginn 23. ágúst 2015 í heimildarleysi ruðst inn á heimili A, kt. [...] og B, kt. [...] að [...].

## II.

Líkamsárás með því að hafa í kjölfar húsbrotsins í I. lið veist að A með vasaljósi með því að slá hann með því í höfuð, hendur og axlir og í kjölfar þess að missa vasaljósið haldið áfram að veitast að A með kýlingum í höfuð og víðsvegar um líkamann uns A féll á gólfið og þá sparkað í hann liggjandi í búk og útlími, allt með þeim afleiðingum að A hlaut opin sár á vör og augnlok, ótilgreinda áverka á höfði mar á hlustum [sic] úlnliðs, handar og framarms og mar á hné.

## III.

Líkamsárás með því að hafa í kjölfar húsbrotsins og árárarinnar í I. og II. lið veist að B er hún var að koma A til aðstoðar með því að kýla hana tveimur hnefahöggum í hægri hönd og á vinstri vanga, með þeim afleiðingum að hún hlaut yfirborðsáverka á höfði. [ ... ]

Telst brot í I. lið varða við 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og brot í II. og III. lið við 1. mgr. 217. gr. sömu laga. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

*Einkaréttarkröfur*

Í málinu gerir Pétur Guðmundarson, hæstaréttarlögmaður, f.h. A, kt. [...] og B, kt. [...] þá kröfu að ákærði verði dæmdur til að greiða þeim, hvorum um sig 909.436 krónur, með vöxtum af 51.240 krónum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og af 858.196 krónum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 23. ágúst 2015 til 1. júlí 2016, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga af 909.436 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði neitar sök að öllu leyti. Hann krefst aðallega sýknu af refsikröfu ákærvaldsins og að skaðabótakröfum kröfuhafa verði vísað frá dómi. Til vara krefst ákærði vægustu refsingar sem lög frekast leyfa og að skaðabótakröfur kröfuhafa verði lækkaðar. Þá krefst verjandi ákærða þess að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin þóknun verjanda.

A

#### *Málsatvik*

Sunnudaginn 23. ágúst 2015, klukkan 13.33, var tilkynnt um líkamsárás að [...] í [...]. Tilkynnandi, B, sagði að ákærði hefði komið að heimili hennar og ráðist á sig og eiginmann sinn, A. Þegar lögregla kom á vettvang var verið að hlúa að þeim hjónum sem voru bæði að sjá með áverka í andliti. Var B með áverka við munn og A með rifna vör og áverka við hægri auga. Í skýrslu lögregluvarðstjóra segir að lítið hafi verið rætt við þau B og A á vettvangi en þar hafi verið komin sjúkrabifreið til að flytja þau á slysadeild. Haft er eftir B að ákærði hefði verið leigutaki hjá þeim hjónum síðastliðinn vetur, en þau búið erlendis. Taldi B árásina tengjast innbroti og tjóni sem ákærði hefði tilkynnt um þegar hann bjó í húsinu. Hún sagði ákærða hafa hringt dyrabjöllunni og um leið og opnað hafi verið hafi ákærði ruðst inn og ráðist að þeim. Hún taldi ákærða hafa verið með barefli og þá eins og langt, svart vasaljós sem ákærði hefði barið A með. Þá sagði B að ákærði hefði komið á bifreiðinni [...]og ekið henni af vettvangi með miklum látum.

Um vettvang segir í skýrslunni að einbýlishúsið [...] sé á einni hæð með aðkomu um bifreiðastæði við austurgafli hússins. Anddyri, gangur og herbergi komi í röð inn eftir húsinu á hægri hönd, en salerni, eldhús og stofa á vinstri hönd. Allt hafi verið mjög snyrtilegt í húsinu fyrir utan að sjá mátti húsgögn og húsmuni sem höfðu færst úr stað og glerbrot á gólfi. Einnig hafi mátt sjá blóðkám á vegg við anddyri, það er á hægri hönd, blóð á gólfi í holi, stofu og eldhúsi. Þá segir að ekkert hafi verið að sjá sem gefi til kynna að óregla hefði verið á heimilinu. Hafi hjónin verið allsgáð og vel áttuð.

Í kjölfar atviksins ræddi lögregla við þau A og B á bráðamóttöku Landspítalans. Sagði A aðdraganda árásarinnar og tengsl hans við ákærða vera þau að ákærði hefði leigt [...] af honum og B síðastliðinn vetur. Þegar þau hafi komið heim í maí 2015 hafi ákærði sagt að brotist hefði verið inn hjá þeim, ýmislegt skemmt og munum stolið. Sagði A að ákærði hefði sviðsett innbrotið. Kvaðst A einungis hafa fengið hluta af tjóninu bætt og ákveðið að krefja ákærða ekki um mismuninn. Sagðist A hafa reynt að ná sambandi við ákærða til að fá hann til að fjarlægja muni sem hann hafi enn átt í húsinu, en það hafi ekki gengið. Hefði hann þá hringt í föður ákærða, en þeir séu kunningjar, og sagt að leitt væri hvernig ákærði hefði skilið við húsið. Nokkrum dögum síðar hefði ákærði haft samband og haft í hótunum við A vegna þess að hann hefði frétt að A talaði illa um hann og skyldi hann hafa vera af ef hann hætti því ekki. Ekkert hefði heyrst frá ákærða fyrr en hann hefði komið á heimilið. Haft er eftir A að dyrabjöllunni hafi verið hringt og hann farið til

dyra. Hann hafi ekki séð hver var fyrir utan en mynstrað gler væri í útidyrhurðinni. Sagðist A þó myndu örugglega hafa opnað fyrir ákærða hefði hann séð hann fyrir utan, enda ekki órað fyrir því að ákærði myndi ráðast á hann. Kvaðst A hafa opnað og ákærði hefði strax ruðst inn og ráðist að honum. Hafi ákærði haldið á stóru svörtu vasaljósi og taldi A að ákærði hefði lamið hann með því í handleggi og axlir. Kvað A B hafa komið og náð að taka í vasaljósið þannig að ákærði hefði misst það. Þá hefði ákærði margsinis barið A með krepptum hnefa víðs vegar um líkamann og í höfuð. Kvaðst A hafa fallið í gólfið og ákærði þá sparkað í hann liggjandi á gólfinu. Spörkin hafi lent á búknunum og útlimum, en ekki í höfuð hans. Þá kom fram hjá A að B hefði hlaupið út til að hringja og komið aftur og sagt lögregluna vera á leiðinni. Hafi ákærði verið einn á ferð. Hann hafi ekki verið ölvaður, en mjög æstur og reiður.

Í framburði B kom fram að dyrabjallan hefði hringt og A farið til dyra. Hún hafi heyrt öskur og óhljóð og farið fram og séð ákærða berja A með einhverju svörtu. Hafi ákærði margoft lamið A með áhaldinu, mest í höfuðið. Kvaðst B hafa reynt að ná tókum á ákærða en það hafi ekki tekist, enda hefði hann verið óður og mjög öflugur. Hún hafi náð tókum á því sem ákærði var með og hafi það verið stórt, svart vasaljós. Hafi ákærði misst vasaljósið og þá ráðist að henni og kýlt hana í andlitið. Kvaðst B ekki hafa áttað sig á því hve oft ákærði hefði kýlt hana en alla vega tvisvar með krepptum hnefa. Þá hafi ákærði kýlt í hægri öxl hennar og vinstri vanga og finni hún fyrir eymslum vegna þessa. Hún hafi vankast við högg ákærða og fallið í gólfið en ekki misst meðvitund. Hafi hún náð í síma, hlaupið út og hringt í 112 og um leið barið á dyr hjá nágrönnum sem hafi ekki verið heima. Hún hafi farið aftur inn og þá séð ákærða sparka margsinis í A þar sem hann lá á gólfinu. Hafi hún sagt að lögreglan væri á leiðinni. Ákærði, sem hefði verið einn á ferð, hefði þá farið út í svartan Audi og ekið á brott á mikilli ferð.

Þann 24. ágúst 2015 gáfu A og B skýrslu hjá lögreglu vegna málsins og lögðu fram kæru á hendur ákærða. Tekin var skýrsla af ákærða hjá lögreglu 26. ágúst 2015. Neitaði ákærði því að hafa farið að [...] umræddan dag og kvaðst ekki hafa ráðist á A og B. Hann hefði verið heima hjá sér bróðurpart dagsins, en farið til föður síns um hádegisdag. Aðspurður kvaðst hann aka um á silfurlituðum BMW. Að öðru leyti tjáði ákærði sig ekki hjá lögreglu og svaraði ekki spurningum um sakarefni málsins.

Í skýrslu lögreglu 30. mars 2016 er greint frá því að lögregla hafi fengið upptöku af samtali því sem B átti við lögreglu þegar hún tilkynnt um atvikið. Þar segir hún að maður hafi ruðst inn til þeirra og „ráðist hafi verið á sig og manninn hennar.“ Nefndi hún í símtalinu að ákærði hefði verið þar að verki en hann væri farinn akandi af vettvangi á „svartri bifreið [...].“ Þá kom fram hjá B, sem hefði verið í miklu uppnámi í símanum, að maðurinn hennar „væri allur kýldur og blóðugur“. Loks segir í skýrslunni að bifreiðin [...] sé af gerðinni Audi, dökkblá að lit. Skráður eigandi sé [...], en ákærði sé starfsmaður [...].

## B

Samkvæmt læknisvottorði C sérfræðings 17. mars 2016 segir að A hafi við komu á bráðadeild fundið fyrir verkjum, mest í hægra hné og báðum öxlum, en hann hafi ekki fundið fyrir sljóleika og hvorki verið óglatt né kastað upp. Við skoðun á honum hafi verið mar á vinstri framhandlegg og rispa og bólga á vinstri hendi. Áverkar séu á höfði, skurður undir hægra auga, um það bil 1,5-2,0 cm langur. Mar yfir hægri augntótt og annar skurður við efri vör vinstra megin. Einnig mar innan á slímhúð sömum megin. Mar sé sjáanlegt og þreifeymsli við öln vinstri handar, bólga og hrufll á húð á vinstri hendi ölnarmegin. Þá sé hrufllsár við olnboga. Þá segir að sjúkdómsgreining slysadeildar sé eftirfarandi: Opið sár á vör og augnloki, ótilgreindur áverki á höfði, mar á öðrum hlustum úlnliðs og handar og framarms, svo og á hné.

Í vottorði sama læknis sama dag segir að B hafi fundið fyrir verkjum vinstra megin við höku þar sem hún hafi bólgu undir húð. Hún segi að þetta hafi gerst þegar hún kastaðist utan í vegg af völdum árásarmannsins, en kenni sér ekki meins annars staðar. Við skoðun hafi B verið með sjáanlega bólgu vinstra megin við höku. Bólgan sjáist einnig innan í munnholi, en ekkert opið sár og ekki um aðra áverka að ræða.

## C

### *Skýrslur fyrir dómi.*

Ákærði neitar sök. Hann kvaðst þekkja hjónin A og B lítillega, hann hefði leigt af þeim húsið [...] í [...] í 10 mánuði, frá ágúst 2014 til júní 2015. Brotist hafi verið inn í húsið á leigutímanum þegar hann hafi verið fjarverandi og nánast öll búslóð hans tekin sem þar hefði verið tilbúin til flutnings. Ummerki hefðu verið um innbrot. Samskipti ákærða við leigusala hefðu ekki verið mikil, en verið með tölvupósti. Ágreiningur væri milli hans og tryggingafélags og því hefðu tryggingarbætur ekki verið greiddar vegna innbrotsins. Aðspurður neitaði ákærði því að hann bæri þungan hug til hjónanna vegna þessa. Ákærði kvaðst hafa unnið hjá [...] í [...] 23. ágúst 2015 og þá með aðgang að bifreiðum í eigu [...]. Spurður um það hvort ákærði kannaðist við bifreiðina [...], dökkbláan Audi A6, sagðist ákærði ekkert sérstaklega kannast við bifreiðina, en hún væri ein af þeim bifreiðum sem starfsmenn voru stundum á. Sagði ákærði bifreiðina [...] vera í eigu [...] . Spurður um það hvort ákærði hefði verið á bifreiðinni svaraði hann: „já einhvern tímann.“ Ákærði kvaðst aðspurður ekki muna til þess að hafa verið á þessari bifreið sunnudaginn 23. ágúst 2015, enda væri langt um liðið. Kvaðst ákærði hafa verið heima hjá sér og eitthvað farið til föður síns í [...] og síðan aftur heim. Neitaði ákærði því að hafa farið að heimili hjónanna umræddan dag og því að hafa átt samskipti við þau. Ákærði sagði hjónin vera að ljúga upp á hann.

Vitnið B gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að hún þekkti ákærða af því að hann hefði leigt hús af henni í [...] einn vetur. Ákærði hefði verið í skóla með syni hennar, búið skammt frá þeim og auk þess þekkti maður vitnisins föður ákærða. Þá hefði

ákærði komið og skoðað húsið hjá þeim áður en hann tók það á leigu. Ákærði hefði átt að skila húsinu í lok maí og ákærði hefði látið vita af því að brotist hefði verið inn í húsið. Það hefði ekki reynst vera rétt að mati lögreglu og tryggingafélagsins. Þau hefðu ekki séð ákærða eftir þetta, en hann hefði sagt þeim að hann hefði verið [...] að byggja þar sumarhús. Lögreglan hafi talið að innbrotið hefði verið sett á svið. Spurt um samskipti þeirra við ákærða sagði vitnið að maður þess hefði verið í samskiptum við föður ákærða sem hefði spurt að því hvernig ákærði hefði skilið við húsið og hvort allt hefði verið í lagi, en því hafi verið svarað sannleikanum samkvæmt að það hefði ekki verið og aðkoman döpur. Það hafi orðið til þess að ákærði hefði hringt í A seint um kvöld og hótaði honum að ef hann væri að tala illa um sig þá skyldi hann hafa verra af því, en þau hafi hvorki hitt ákærða né talað við hann. Vitnið lýsti atvikum umræddan dag, 23. ágúst 2015, á þann veg að hún hefði verið tölvunni og A staðið fyrir aftan hana þegar hringt hafi verið dyrabjöllu og hafi A farið til dyra. Um leið og hurðin var opnuð kvaðst vitnið hafa heyrt óp og öskur og dynki og kvaðst vitnið hafa hlaupið fram og séð ákærða með stórt, svart vasaljós sem hann notaði til að berja A með. Vitnið kvaðst hafa reynt að ná taki á ákærða eftir að A var hálfvegis dottinn, en ákærði hafi verið í leðurjakka og náði vitnið engu taki á honum. Vitnið kvaðst hafa náð taki á vasaljósinu um leið og ákærði hafi lamið vitnið með því í andlitið og þau hafi eitthvað tekist á um það og hefði ákærði misst vasaljósið. Vitnið sagði ákærða hafa kýlt það út í vegg og sparkað vitninu út að hurðinni. Þá hafi A verið staðinn upp og hefði ákærði þá aftur lagt til hans og hefði leikurinn borist inn í stofu. Vitnið kvaðst hafa séð síma á borðinu í stofunni og tekið hann og farið út og hringt í lögreglu. Þá kvaðst vitnið hafa farið aftur inn í húsið og hrópað á ákærða að lögreglan væri að koma. Þá hefði A legið á stofugólfinu og ákærði hafi hlaupið að vitninu og hrint því út að dyrunum og hlaupið að bílnum sínum, en hefði snúið til baka og náð í vasaljósið og farið með það. Kvaðst vitnið halda að það hefði þá enn verið að tala við lögregluna í síma og gefið henni númerið á bílnum. Hefði ákærði ekið á ofsahraða út úr innkeyrslunni við húsið. Þegar inn var komið sá vitnið A liggja í blóði sínu á stofugólfinu, en hann hefði komið sér sjálfur á fætur og skömmu síðar hafi lögregla og sjúkrabifreið komið á vettvang og hefðu þau verið flutt á slysadeildina þar sem gert hefði verið að sárum þeirra. Spurt kvað vitnið engan vafa leika á því að það hafi verið ákærði sem var á ferð í umrætt sinn. Þau hafi þekkt ákærða og A hafi opnað fyrir honum. Gler væri í hurðinni og því hefði A séð hver var fyrir utan. Vitnið kvaðst sjálft hafa tekið í ákærða og horft framan í hann og ekki væri nokkur vafi á því að það hefði verið ákærði sem réðst á hjónin. Aldrei hafi komið til þess að A hefði boðið honum inn, enda hefði ákærði öskrað strax og hurðin hafi verið opnuð. Spurt um atlögu ákærða að vitninu sérstaklega bar vitnið að ákærði hefði barið það í efri vörina með vasaljósinu. Þá hefði ákærði barið vitnið í öxlina og sparkað í síðuna á vitninu. Spurt sagði vitnið að það hefði ekki staðið í deilu við ákærða út af tryggingamálum vegna innbrotsins en ákærði og

hjónin væru þó með sama tryggingafélagið. Nánar aðspurt sagði vitnið að ákærði hefði kýlt vitnið með hnefanum í andlitið og í öxlina, en fyrst hefði ákærði slegið vitnið með vasaljósinu í efri vörina. Vasaljósið hefði verið svart, langt og mjög þungt. Vitnið kvaðst hafa náð sér líkamlega eftir árásina en andleg líðan væri ekki í lagi. Kvaðst vitnið dreyma árásina oft og engan veginn hafa jafnað sig.

Vitnið A gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að hann hefði í raun ekki þekkt ákærða fyrir atburðinn, en hefði leigt honum húsið sitt veturinn áður. Vitnið kvaðst hafa haft spurnir af ákærða og maður sem hefði unnið með ákærða við bílasölu hefði mælt með ákærða. Þá hefði sonur vitnisins gengið í skóla með ákærða og hefði ekki haft neitt nema allt ágætt að segja um ákærða. Ákærði hefði leigt húsið og þegar að því kom að eigendur tækju við húsinu á ný hefði ákærði óskað eftir því að lok leigutíma yrðu fyrr en samið hafði verið um, en ákærði kvaðst ekki þurfa á húsinu að halda eftir 15. maí, enda væri hann við vinnu [...]. Vitnið kvaðst hafa frétt af því að brotist hefði verið inn í húsið. Skemmdir voru vítt og breitt um húsið á dyrum og gluggum og einnig á húsbúnaði og leirtau. Greinilega hafði mikið gengið á. Lögregla hafi skoðað aðstæður og dregið í efa að brotist hefði verið inn í húsið, heldur hefði innbrotið verið sett á svið. Aðspurt sagði vitnið að ákærði hefði ekki svarað í síma þegar vitnið hefði reynt að ná í hann, meðal annars til þess að óska eftir því við ákærða að hann tæki það sem eftir var af föggum hans í húsinu og bílskúr sem hann hefði haft aðgang að. Vitnið kvaðst hafa frétt af því að ákærði hefði verið í fíkniefnameðferð [...] og það skýrði ýmislegt í sambandi við það hvernig húsið var útleikið. Vitnið kvaðst hafa hringt í föður ákærða, sem væri fyrrum samstarfsmaður vitnisins, og beðið hann að hafa samband við ákærða og óska eftir því að hann tæki það sem eftir væri af eignum ákærða, en það hefði meðal annars verið brotið sjónvarp og brotin kómóða og reiðhjól. Vitnið kvaðst hafa sagt við föður ákærða að því þætti miður hvernig viðskilnaður ákærða hefði verið á húsinu. Vitnið kvaðst hafa fengið símanúmer hjá ákærða sem það hefði hringt í. Ákærði hefði þá verið að vinna við það að selja bíla í [...]. Hefði vitnið lofað því að munirnir yrðu teknir en það hafi ekki staðist. Þá hafi ákærði hringt í vitnið um miðja nótt einhvern tíma sumars án þess að vitnið myndi hvaða dag það var. Hefði ákærði hóttað vitninu að ef vitnið hætti ekki að tala illa um ákærða þá myndi það hafa verra af. Það hafi svo verið sunnudaginn 23. ágúst um kl. 13.00 að dyrabjöllunni var hringt. Vitnið kvaðst hafa farið til dyra og þá stóð ákærði fyrir utan dyrnar og öskraði á vitnið um leið og hann óð inn í húsið með stórt vasaljós í hendinni sem hann hugðist nota sem barefli. Kona vitnisins hafi komið því til aðstoðar, en ákærði sé vel á sig kominn og hafi ekki verið á sokkaleistunum eins og vitnið hafi verið. Parket sé á gólfum og því hefðu hjónin ekki haft roð við ákærða sem hafi barið þau bæði með vasaljósinu og hrint konu vitnisins út í vegg þannig að hún hafi dottið á gólfið. Hefði ákærði haldið áfram að berja vitnið og hafi leikurinn færst innar í húsið. Kvaðst vitnið hafa dottið ítrekað en staðið á fætur aftur. Þegar vitnið lá í gólfinu hafi ákærði

sparkað í vitnið. Meðan leikurinn færðist innar í stofuna þá hafði kona vitnisins komið auga á farsíma sinn þegar hún var að rísa á fætur eftir að hafa verið hrint út í vegg. Hafi hún hlaupið út með símann og hringt á lögregluna, komið aftur inn og kallað að lögreglan væri væntanleg. Þá hafi vitnið og ákærði legið á stofugólfinu, hálfpartinn undir sófaborðinu, enda kvaðst vitnið hafa runnið til og dottið. Kjarkur árásarmannsins hefði brostið og hann hlaupið út, en komið aftur inn og sótt vasaljósið sem hann missti á gólfið. Hefði það rúllað inn í svefnherbergi rétt við innganginn. Vitnið kvaðst hafa teygt sig í vasaljósið sér til varnar en ákærði hafi komið og tekið vasaljósið af honum og farið út í bíl og ekið burtu með miklum atgangi. Ákærði hefði ekki sagt neitt í árásinni en öskrað eins og villidýr og kvaðst vitnið ekki hafa séð annan eins svip á manni. Þeim hafi báðum verið mjög brugðið og væri þetta óþægilegasta upplifun sem vitnið hefði lent í. Lögregla og sjúkrabifreið hefðu komið á vettvang og þau verið flutt til aðhlyningar á slysadeild. Nánar aðspurt sagði vitnið ákærða hafa öskrað og ráðist inn í húsið þegar opnað var. Vitnið kvaðst mundu hafa opnað dyrnar þótt það hefði vitað að ákærði væri fyrir utan, en rúður í útidyrhurðinni væru þannig að vitnið kvaðst ekki hafa séð hver var fyrir utan, en mótað hefði fyrir manneskju fyrir utan. Hurðin opnast út og hafi ákærði staðið þar fyrir utan. Vitnið kvaðst ekki muna hvort það hafi sagt eitthvað við ákærða. Spurt sagði vitnið að ákærði hefði beitt vasaljósinu, sem hefði verið 30-40 cm á lengd, svart vasaljós úr málmi. Vitnið kvað það engan vafa í sínum huga að það hefði verið ákærði sem var á ferð í umrætt sinn. Vitnið sagðist hafa hitt ákærða margoft á meðan hann leigði húsið. Kvaðst vitnið hafa verið viðstatt þegar ákærði flutti inn í húsið og þar fyrir utan hitti vitnið ákærða nokkrum sinnum í mars 2015 þegar vitnið var á Íslandi. Spurt um líðan eftir atvikið bar vitnið að andlegi þátturinn væri erfiðastur. Ákærði hefði slegið vitnið ítrekað í andlit með hnefum og sparkað mjög illa í hægri hné þess. Kvaðst vitnið hafa náð sér og vera óhalt. Spurt um það hvort vitnið hafi boðið ákærða inn svaraði vitnið að til þess hefði ekki komið og þess hefði ekki þurft, enda hefði ákærði vaðið inn eins og villt dýr með vasaljósið uppreitt. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða slá konu sína í handlegginn með vasaljósinu og í öxlina án þess að vitnið myndi það örugglega. Þá hafi ákærði hrint henni mjög fautalega út í vegg og síðan snúið sér að því að berja vitnið. Vitnið sagði að ákærði hefði slegið það í byrjun með vasaljósinu en misst vasaljósið og þá veist að vitninu með hnefahöggum og kýlingum, meðal annars í höfuð með krepptum hnefum. Þá hafi ákærði sparkað mörgum spörkum í vitnið á hinum og þessum stöðum, en ítrekað í hægri fótinn. Þá bar vitnið að það hefði verið með gleraugu þegar ráðist var á það, en þau hafi dottið af vitninu og án þess að vitnið myndi hvenær.

Vitnið C læknir kom fyrir dóminn og staðfesti að áverkar sem voru á A og B við skoðun á slysadeildinni samrýmdust fyllilega þeim atvikum sem þau hefðu lýst. Notað hefði verið barefli, vasaljós, sem væri þó ekki kröftugasta bareflið, en hættulegt væri að berja á fólki með barefli og það hefði gefið þá áverka sem lýst er í vottorðunum. Spurt

greindi vitnið frá því að B hefði verið með áverka á kjálka vinstra megin. Fram hefði komið að henni hefði verið hent utan í vegg og fengið högg á höfuðið vegna þess. Vitnið staðfesti læknisvottorð sem það vann vegna brotaþola í málinu.

## D

### *Niðurstaða*

Ákærða er gefið að sök húsbrot og líkamsárás með því að hafa 23. ágúst 2015 ruðst í heimildarleysi inn á heimili A og B í [...] og í kjölfarið veist að A og slegið hann með vasaljósi í höfuðið, hendur og axlir og einnig kýlt hann í höfuð og víðs vegar um líkamann og sparkað í hann liggjandi, í búk og útlími. Þá er ákærða gefið að sök að hafa veist að B, þegar hún reyndi að koma A til aðstoðar, með því að kýla hana tveimur hnefahöggum í hægri hönd og á vinstri vanga. Afleiðingum af árásinni er lýst í ákæruskjali lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Eru brotin talin varða við 231. og 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu í málinu var lögreglan kvödd að [...] í [...] klukkan 13.33 sunnudaginn 23. ágúst 2015. Allt hafi verið snyrtilegt í húsinu fyrir utan að sjá mátti að húsgögn og húsmunir höfðu færst úr stað og glerbrot var á gólfi. Þá hafi mátt sjá blóðkám á vegg við anddyri, blóð á gólfi í holi, stofu og eldhúsi. B hefði tilkynnt um „að maður, Guðmundur Thor, hafi komið að heimili hennar og ráðist á sig og eiginmann sinn A.“ Þegar lögregla kom á vettvang var verið að hlúa að þeim hjónum sem voru með sjáanlega áverka í andliti. Var B með áverka við munn og A með rifna vör og áverka við hægri auga. Haft er eftir B í skýrslunni að ákærði hefði verið leigutaki hjá þeim síðastliðinn vetur, en þau búið erlendis. Sagði B ákærða hafa hringt bjöllu og um leið og þau hafi opnað hafi ákærði ruðst inn og ráðist að þeim með barefli, eins og löngu svörtu vasaljósi, sem hann hafi barið A með. Þá segir að ákærði hefði verið á bifreiðinni [...] og ekið af vettvangi með miklum látum.

Ákærði neitar sök og kveðst ekki hafa verið á staðnum í umrætt sinn. Fyrir dómi greindi ákærði frá því að hann hefði að mestu verið heima hjá sér sunnudaginn 23. ágúst 2015, en þó eitthvað farið til föður síns sem búi að [...] í [...]. Þá kvaðst ákærði hafa verið starfsmaður [...] í [...] á þessum tíma og hafa notað bifreiðina [...], sem væri ein af þeim bifreiðum sem starfsmenn [...] notuðu, án þess að greina frá því hvenær hann hefði notað bifreiðina. Tók ákærði þannig til orða að hann hefði „einhvern tímann verið á bifreiðinni“.

Vitnin B og A hafa bæði borið um það fyrir dómi að ákærði hafi hringt dyrabjöllu á heimili þeirra skömmu eftir hádegi sunnudaginn 23. ágúst 2015 og ruðst inn í húsið eftir að A hafði opnað útidyrnar. Þau bera um að ákærði hafi vaðið inn í húsið, öskrað eins og villidýr og veist að A og barið hann með löngu svörtu vasaljósi. Þá hafi ákærði einnig veist að B þegar hún reyndi að koma A til aðstoðar. Samkvæmt framburði A fyrir dómi hafi ákærði ráðist að honum en hann hafi ekki haft roð við honum. Hafi ákærði

barið þau bæði með vasaljósinu og hrint B út í vegg og síðan haldið áfram að berja hann og hafi leikurinn færst innar í húsið. Kvaðst A ítrekað hafa dottið og þá hafi ákærði sparkað í hann, þar með talið mjög illa í hægri hné. Þá hefði ákærði slegið hann ítrekað í andlitið með hnefunum eftir að ákærði missti vasaljósið. Þá kom fram hjá vitninu að hann hefði ekki boðið ákærða inn og til þess hefði ekki komið, enda hefði ákærði ruðst inn eins og villidýr, öskrandi með vasaljósið reitt til höggs. Samkvæmt framburði vitnisins B heyrði hún óp, öskur og dynki um leið og A opnaði útidyrnar. Kvaðst vitnið hafa hlaupið fram og séð ákærða með stórt svart vasaljós sem hann notaði til að berja A með. Vitnið kvaðst hafa náð taki á vasaljósinu um leið og ákærði hefði slegið vitnið með því í andlitið. Hafi þau tekist á og ákærði þá misst vasaljósið. Þá hafi ákærði kýlt vitnið „út í vegg“ og sparkað því „út að hurðinni“.

Í læknisvottorðum C, sérfræðings á slysa- og bráðamóttöku Landspítalans, er lýst áverkum á vitnunum B og A við skoðun á deildinni í kjölfar árásarinnar. Segir að A hafi verið með mar á vinstri framhandlegg og bólgu á vinstri hendi. Þá séu áverkar á höfði, 1,5-2,0 cm langur skurður undir hægri auga og mar yfir hægri augntótt. Þá sé annar jafnlangur skurður við efri vör vinstra megin og mar innan á slímhúð sömum megin. Loks hrufلسár á enni, bólga við neðri kjálka vinstra megin. Sjáanlegt mar og þreifiefmsli við öln vinstri handar og bólga og hrufلس á húð á vinstri hendi ölnarmegin og hrufلسár við olnboga.

Fyrir liggur að vitnin B og A þekktu ákærða í sjón, enda hafði ákærði leigt og búið í húsi þeirra í um 10 mánaða skeið frá ágúst 2014 til júní 2015. Áttu vitnin þá einhver samskipti við ákærða. Einnig bentu vitnin á að ákærði hefði verið með syni þeirra í skóla á árum áður og því vissu þau hver ákærði var. Þá gaf vitnið B lögreglu og neyðarlínu upp nafn ákærða og númer á þeirri bifreið, lit og tegund sem árásarmaðurinn var á þegar ráðist var á hjónin. Ákærði kannaðist við það aðspurður fyrir dómi að bifreiðin [...], svört Audi 6-bifreið, væri í eigu [...] og að hann og aðrir starfsmenn hafi haft bifreiðina til afnota á þeim tíma sem um ræðir, en ákærði starfaði hjá fyrirtækinu í ágúst 2015. Þá er fram komið að árásarmaðurinn hafi ekki hulið andlit sitt við árásina.

Ákærði neitar því að hafa í umrætt sinn ruðst inn á heimili B og A og veist að þeim og valdið þeim áverkum sem lýst er í ákæru málsins. Segir hann hjónin ljúga upp á sig, en gefur hvorki nákvæmar né trúverðugar upplýsingar um það hvað hann var að gera um hádegisbilið sunnudaginn 23. ágúst 2015.

Með vísan til þess sem nú hefur verið rakið telst að mati dómsins komin fram lögfull sönnun með framburði vitnanna B og A, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, að ákærði hafi í umrætt sinn ruðst í heimildarleysi inn á heimili þeirra að [...] í [...], ráðist þar að þeim hjónum með barefli, hnefahöggum og spörkum með þeim afleiðingum sem lýst er í ákæruskjali lögreglustjórans. Fær ítarlegur og samhljóða framburður þeirra hjá lögreglu og fyrir dómi stoð í tveimur læknisvottorðum C

sérfræðings, sem staðfesti vottorðin fyrir dómi og greindi frá því að áverkar á brotaþolum gætu samrýmst lýsingu þeirra á atlögu ákærða að þeim í umrætt sinn. Engu breytir í þessu sambandi þótt ekki sé fullt samræmi á milli lýsingar á háttsemi ákærða í ákærinni og lýsingu brotaþolans B á atlögu ákærða að henni, enda fæst ekki séð að neinu skipti hvernig ákærði bar sig að við atlögu sína að henni, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 179/2016. Lítur dómurinn svo á að ákærði hafi, auk húsbrots, sbr. 231. gr. almennra hegningarlaga, gerst sekur um líkamsárás á A og B sem varðar við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem lýst er í ákærinni og hefur hann unnið sér til refsingar.

Ákærði er fæddur í október [...]. Hann hefur í þrígang á árinu 2013 gengist undir sátt hjá lögreglustjóra og samþykkt í tveimur tilvikanna greiðslu sektar og sviptingu ökuréttar fyrir brot gegn umferðarlögum og í einu tilvika fyrir þjófnað. Brot þau sem ákærði er nú sakfelldur fyrir þykja vítavæð og alvarleg. Þannig réðst ákærði heimildarlaust inn á heimili hjónanna B og A, þar sem friðhelgi ríkir, og lagði til atlögu við A, 73 ára að aldri, með barefli, hnefahöggum og spörkum og veittist síðar að B, þá 67 ára að aldri, þegar hún reyndi að aðstoða mann sinn við að verjast árásinni. Atgangur ákærða var tryllingslegur og árásin fólkskuleg og án alls tilefnis. Þá var árásin gerð í kjölfar hótunar ákærða í garð A um að hann skyldi hafa verra af því léti hann ekki af ætluðu illu umtali um ákærða. Að þessu virtu þykir hæfileg refsing ákærða vera fangelsi í níu mánuði. Fært þykir að fresta fullnustu sex mánaða af refsingunni og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## E

### *Einkaréttarkröfur*

Af hálfu A er gerð sú krafa að ákærði greiði honum samtals 909.436 krónur auk vaxta og þóknunar lögmans kröfuhafa. Um er að ræða þjáningarbætur, munatjón og miskabætur, samtals að fjárhæð 908.240 krónur samkvæmt nánari sundurliðun í kröfubréfi lögmans kröfuhafa. Sá hluti einkaréttarkröfunnar sem lýtur að þjáningarbótum og bótum vegna fjártjóns er ekki studdur gögnum sem rennt getur stoðum undir hana. Er að þessu gættu óhjákvæmilegt að vísa kröfunni að þessu leyti frá dómi. Á hinn bóginn hefur ákærði með því broti sem hann er sakfelldur fyrir bakað sér bótaábyrgð gagnvart brotaþola samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í ljósi alvarleika brotsins þykja miskabætur til brotaþola hæfilega ákveðnar 600.000 krónur og verður ákærði dæmdur til að greiða brotaþola þá fjárhæð með vöxtum eins og í dómsorði greinir og 100.000 krónur í málskostnað að virðisaukaskatti meðtöldum.

Af hálfu B er gerð sú krafa að ákærði greiði henni samtals 909.436 krónur auk vaxta og málskostnað lögmans kröfuhafa. Um er að ræða þjáningarbætur, munatjón og miskabætur, samtals að fjárhæð 841.240 krónur samkvæmt nánari sundurliðun í

kröfubréfi lögmans kröfuhafa. Sá hluti einkaréttarkröfunnar sem lýtur að þjáningarbótum og bótum vegna fjártjóns er ekki studdur gögnum sem rennt getur stöðum undir hana. Er að þessu gættu óhjákvæmilegt að vísa kröfunni að þessu leyti frá dómi. Á hinn bóginn hefur ákærði með því broti sem hann er sakfelldur fyrir bakað sér bótaábyrgð gagnvart brotaþola samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í ljósi alvarleika brotsins þykja miskabætur til brotaþola hæfilega ákveðnar 600.000 krónur og verður ákærði dæmdur til að greiða brotaþola þá fjárhæð með vöxtum eins og í dómsorði greinir og 100.000 krónur í málskostnað að virðisaukaskatti meðtöldum.

F

#### *Sakarkostnaður*

Með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað málsins, það er 76.000 krónur vegna læknisvottorða, og þóknun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmans, 511.500 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum.

Dóm þennan kveða upp héraðsdómarmennirnir Jón Höskuldsson, sem dómsformaður, Gunnar Aðalsteinsson og Þorgeir Ingi Njálsson dómstjóri.

#### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, Guðmundur Thor Guðmundsson, sæti fangelsi í níu mánuði, en fresta skal fullnustu sex mánaða af refsingunni og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A 600.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 23. ágúst 2015 til 6. október 2016, en dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 100.000 krónur í málskostnað. Kröfu hans um þjáningarbætur og kröfu um bætur vegna fjártjóns er vísað frá dómi.

Ákærði greiði B 600.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 23. ágúst 2015 til 6. október 2016, en dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 100.000 krónur í málskostnað. Kröfu hennar um þjáningarbætur og kröfu um bætur vegna fjártjón er vísað frá dómi.

Ákærði greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar hrl., 511.500 krónur, og 76.000 krónur í annan sakarkostnað.

Jón Höskuldsson  
Gunnar Aðalsteinsson  
Þorgeir Ingi Njálsson

